



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 31. október 2022

2210031SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um áform um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu og nýja þjónustustofnun S 195/2022

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu og nýja þjónustustofnun.

Heildstæð löggjöf um skólaþjónustu

Samkvæmt áformaskjalinu er heildstæðri löggjöf um skólaþjónustu ætlað að tryggja aðgengi allra nemenda, foreldra og starfsfólks skóla að heildstæðri skólaþjónustu þvert á skólastig þar sem þrepaskiptur stuðningur liggja til grundvallar. Þá verði þjónustan samþætt annarri þjónustu sem veitt er í þágu farsældar barna óháð búsetu.

Sambandið tekur undir þetta markmið. Samkvæmt núgildandi lögum um leik- og grunnskóla ber sveitarfélögum að reka skólaþjónustu sem felst annars vegar í stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra og hins vegar í stuðningi við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Eins og fram kemur í þeim úttektum sem gerðar hafa verið á skólaþjónustu undanfarin ár, sjá [Hlutverk og skipulag skólaþjónustu í innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og Menntastefnu 2030](#), hefur þjónustan þróast með þeim hætti að mikið ójafnvægi er milli þátta í þjónustunni. Áhersla hefur verið um of á greiningar nemenda og stuðning sem þeim tengjast, á kostnað kennslufræðilegrar ráðgjafar og stuðnings við starfsfólk skóla. Þá eru forsendur sveitarfélaga til að veita skólaþjónustu mjög mismunandi sem leiðir til misjafns aðgengis barna og fjölskyldna þeirra sem og starfsfólks skóla að nauðsynlegri skólaþjónustu.

Það eru því töluverð tækifæri til umbóta í skólaþjónustu, bæði á vettvangi sveitarfélaga sem og ríkisins en samkvæmt núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir skólaþjónustu við framhaldsskóla.

Eins og farið er yfir í áformaskjalinu er uppbygging heildstæðrar skólaþjónustu aðgerð í fyrstu aðgerðaáætlun menntastefnu til ársins 2030. Slík áform er einnig að finna í núgildandi byggðaáætlun. Sambandið hefur tekið þátt í undirbúningsvinnu bæði menntastefnu og byggðaáætlunar og hefur við þá vinnu talað fyrir eflingu heildstæðrar skólaþjónustu. Í drögum að nýrri stefnumótun sambandsins, sem áætlað er að verði endanlega samþykkt í nóvember, er einnig að finna markmið um að sambandið beiti sér fyrir virkum samstarfsvettvangi ríkis og sveitarfélaga við að innleiða samhæfða skólaþjónustu þvert á leik-, grunn- og framhaldsskóla. Sambandið hefur einnig komið með virkum hætti að útfærslu og innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Markmið þeirra er að börn og

foreldrar hafi aðgang að samþættri þjónustu án hindrana og er því samtvinnað markmiðum um heildstæða skólaþjónustu.

Með vísan til framangreinds er sambandið mjög fylgjandi umræddum áformum en leggur áherslu á að eftirfarandi verði haft til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu:

- Gott samráð við sambandið og sveitarfélögin í landinu.
- Réttur sveitafélaga til sjálfstjórnar og staðbundinnar aðlögunar verði virtur.
- Fyrirhugaðar breytingar verði kostnaðarmetnar og breytingar ekki innleiddar nema fjármögnun verkefna liggja fyrir.
- Breytingar verði innleiddar með markvissum hætti og þeim fylgt eftir með nauðsynlegum stuðningi og ráðgjöf til sveitarfélaga og skóla.

Ný þjónustustofnun á sviði menntamála

Samkvæmt áformaskjalinu er gert ráð fyrir að Menntamálastofnun verði lögð niður en sett verði á fót ný stofnun sem fari með þjónustu, ráðgjöf og stuðning við skólaþróun og skólaþjónustu þvert á skólastig. Gert er ráð fyrir að hún taki við hluta af verkefnum Menntamálastofnunar en að verkefni á sviði greininga, mats og eftirlits færist til mennta- og barnamálaráðuneytisins.

Við stofnun Menntamálastofnunar árið 2015 lýsti sambandið yfir áhyggjum af því að lagarammi um stofnunina gerði það að verkum að þjónustuhlutverkið, sem kallað hafði verið eftir, yrði ekki í forgrunni heldur myndi formlegt stjórnsýsluhlutverk vera ráðandi. Sú reyndist raunin og því miður hefur stofnunin ekki náð að sinna því stefnumótunar-, stuðnings- og þjónustuhlutverki við skólakerfið sem væntingar voru uppi um við stofnun hennar.

Í frummati á fjárhagsáhrifum nýrrar stofnunar kemur fram að gert sé ráð fyrir auknum stuðningi ríkisins við sveitarfélög með nýrri stofnun. Því sé um að ræða jákvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Mikilvægt er að þau áform um aukinn stuðning gangi eftir.

Með vísan til framangreinds styður sambandið þær breytingar sem fyrirhugaðar eru þannig að ný stofnun á sviði menntamála hafi það sem megináherslu að veita skólasamfélaginu þjónustu, faglega ráðgjöf og stuðning og vera styðjandi bakhjarl skólaþróunar. Það sé í anda þeirrar endurskipulagningar sem er að eiga sér stað á stjórnsýslu og lagaumhverfi um málefni barna, samræmist áformum um heildstæða skólaþjónustu og styðji við innleiðingu menntastefnu og laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Sambandið leggur áherslu á að eftirfarandi verði haft til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu:

- Gott samráð við sambandið og sveitarfélögin í landinu.
- Hlutverk nýrrar stofnunar verði skýrt og vel skilgreint.
- Áhersla verði lögð á að þjónusta stofnunarinnar verði aðgengileg um allt land. Í því samhengi má minna á áherslu ríkisstjórnarinnar á óstaðbundin störf sem tilvalið er að útfæra hjá nýrri stofnun.

- Nauðsynlegt er að efla námsgagnaútgáfu og því mega fyrirhugaðar breytingar ekki verða til þess að draga úr áherslu á og fjárveitingum til þessa málaflokks.
- Þjónusta nýrrar stofnunar verði ekki íþyngjandi fyrir sveitarfélög svo markmið um aukinn stuðning ríkisins nái fram að ganga. Kostnaðarmeta þarf nýjar kröfur og tryggja fjármögnun þeirra. Huga þarf sérstaklega að kostnaði vegna ferða ráðgjafa og sérfræðinga frá nýrri stofnun til sveitarfélaga á landsbyggðinni.
- Breytingunum verði fylgt eftir með nauðsynlegum og markvissum stuðningi.


Að lokum

Eins og fram hefur komið styður sambandið fyrirhugaðar breytingar og lýsir miklum vilja til að taka áframhaldandi þátt í þeirri vinnu sem framundan er. Samhliða þessum breytingum þarf einnig að vinna markvisst að því að skýra ábyrgðarskiptingu milli ríki og sveitarfélaga þegar kemur að þjónustu við börn, fjölga í starfsstéttum þeirra sérfræðinga sem vinna að stuðningi við börn, tryggja úrræði fyrir öll börn sem þurfa á stuðningi að halda og stytta biðlista eftir þjónustu. Að öðrum kosti mun markmið fyrirhugaðra breytinga ekki ná fram að ganga.

Ljóst er að allar þessar breytingar kalla á stuðning fjárveitingarvaldsins og væntir sambandið þess að áherslur um það komi skýrt fram í næstu fjármálaáætlun.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs